

Landspítali, 17. nóvember 2011

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/250
komudagur 17.11.2011

Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn (þskj. 147 – 147. mál)

Læknaráð Landspítala þakkar fyrir að fá nýtt *Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn* sent til yfirferðar og umsagnar.

Læknaráð Landspítala skilaði umsögn um fyrri útgáfur af sama frumvarpi í september 2009 og aftur í apríl 2011, en nokkrar breytingar voru gerðar á seinna frumvarpi borið saman við hið fyrra. Þar þar helst að nefna breytingu á 13. gr. frumvarpsins, þar sem tekið hafði verið tillit til athugasemda læknaráðs LSH og nú er sérstaklega hnykkt á því að lækni ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. Þetta telur læknaráð Landspítala vera ótvíræða framför borið saman við eldra frumvarp.

Almennt um frumvarpið og gildandi læknaög:

Verði frumvarpið að lögum mun það því miður leiða til þess að læknaög (lög nr. 53/1988) falla úr gildi. Læknaráð Landspítala ítrekar afstöðu sína frá fyrri umsögnum og telur það bæði ónauðsynlegt og óheppilegt að afnema læknaög (lög nr. 53/1988) en í þeim er ágætlega gerð grein fyrir ábyrgð, skyldum og réttindum lækna. Læknar gegna lykilhlutverki í heilbrigðiskerfinu þar sem þeir bera ábyrgð á greiningu, meðferð og eftirliti sjúklinga og langstærstur hluti heilbrigðisútgjalda fellur til vegna ákvarðana sem lækna taka. Læknaráð telur læknaög frá árinu 1988 vera mun afdráttarlausari hvað varðar skyldur lækna við sjúklinga sína en hið nýja frumvarp. Þannig telur læknaráðið að hagsmunum sjúklinga sé betur borgið með sértækum lögum um lækna heldur en með rammalöggjöf sem tekur til 33 ólíkra starfsstétta, sem sumar hverjar hafa litla aðkomu að hefðbundinni læknisfræðilegri greiningu og meðferð sjúklinga.

Læknaráð Landspítala hefur skilning á því að löggjafinn og framkvæmdavaldið geti talið skynsamlegt að hafa einhvers konar rammalöggjöf sem taki til ýmissa fámennari löggiltra heilbrigðisstétta. Öðru máli gegnir hins vegar um fjölmennar heilbrigðisstéttir sem gegna lykilhlutverki í heilbrigðiskerfinu, má þar t.d. nefna lækna, hjúkrunarfræðinga, lífeindafræðinga og sjúkraliða. Hér eftir sem hingað til er heppilegt að um slíka stærri hópa gildi sérlög, enda hafa læknaög staðist tímans tönn ágætlega og um þau hefur ekki ríkt neinn ágreiningur.

Þess má einnig geta að í núgildandi læknaögum er kafli um skottulækningar þar sem þær eru afdráttarlaust bannaðar hér á landi. Þetta verður að teljast afar mikilvægt vegna sívaxandi framboðs af ýmskonar efnum og “meðferðum” sem ýmsir ófaglærðir aðilar bjóða fram. Stundum er slíkt eingöngu af góðum huga gert til að líkna sjúkum og lina þjáningar, í öðrum tilvikum virðist vera um hreina fjárplógsstarfsemi að ræða og stundum er um skaðleg efni eða “meðferð” að ræða. Það er afar mikilvægt að löggjafinn haldi vöku sinni í þessum efnum og spyrni við fótum þegar sjúkt fólk sem illa getur borið hönd fyrir höfuð sér er gert að féþúfu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

11. grein – Tímabundið starfsleyfi

Í 1. mgr. 11. gr. segir: *“Landlæknir má, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa fjórða árs námi í læknisfræði tímabundið starfsleyfi til að sinna tilgreindum læknisstörfum. Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni með ótakmarkað lækningaleyfi.”*

Hér er vísað í 4. gr læknalaga (lög nr. 53/1988) þar sem læknanemum hefur verið veitt tímabundið lækningaleyfi. Læknaráð Landspítala mælir gegn því að það sé bundið í lög að læknanemum sé veitt tímabundið lækningaleyfi. Læknanemar eftir aðeins fjögurra ára læknanám eru að okkar mati á engan hátt tilbúnir að taka á sig ábyrgð og skyldur læknis gagnvart sjúklingum sem leita sér lækninga. Læknanemar eftir fjögurra ára læknanám hafa t.d. ekki fengið neina kennslu í sjúkdómum barna né kvenna og eru börn og konur stór hluti þeirra sem leita til lækna á heilbrigðisstöðvar landsins. Sögulega hefur þetta viðgengist til að tryggja læknamönnun í fámennari læknishéruðum vegna læknaskorts og til að tryggja að þeir sem þar starfa geti nýtt sér orlofsréttindi sín. Frá sjónarhóli sjúklingsins er þetta ósættanlegt og ber að forðast. Við mælumst fyrir því að málgreinin verði umorðuð í *„Landlæknir má veita þeim sem lokið hafa námi í læknisfræði tímabundið starfsleyfi til að sinna tilgreindum læknisstörfum. Í slíkum tilvikum skal sá sem tímabundið starfsleyfi hefur starfa með lækni með ótakmarkað lækningaleyfi.”* Það ákvæði myndi þá ná til þeirra lækna sem lokið hafa námi en ekki kandidateitári og eru því ekki komin með ótakmarkað lækningaleyfi.

Að öðrum kosti, ef velferðarnefnd Alþingis velur að hafa áfram þann möguleika að veita læknanemum tímabundið lækningaleyfi, mælumst við til að 2. másl. í 1.mgr breytist í *„Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni með ótakmarkað lækningaleyfi og á hans ábyrgð.”* Þannig að tryggt sé að læknaneminn starfi undir leiðsögn og við nærveru læknis með ótakmarkað lækningaleyfi og að hin læknisfræðilega ábyrgð sé klárlega læknisins.

13. og 17.grein – Faglegar kröfur og ábyrgð/Trúnaður og þagnarskylda

Við lestur þessara tveggja greina, laga um réttindi sjúklinga og barnalaga sem vísað er í virðist okkur upplýsinga-, trúnaðar- og þagnarskylda óljós hvað varðar 16-18 ára unglunga. Skv. 25.grein laga um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997) *„Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldrum.”* Einnig skv 6.gr *“Foreldrar sem fara með forsjá barns skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns yngra en 16 ára”*. Skv. 1.gr lögræðislaga (nr. 71/1997) *“Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða.”* Skv. 3.gr barnaverndarlaga (nr. 80/2002) *“Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára.”* Skv. 15.gr læknalaga (nr 53/1988) 3. mgr *“Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.”*

Skv. þessu er einstaklingur barn fram að 18 ára aldri þegar hann verður lögráða en skv. lögum um réttindi sjúklinga og læknalögum sem eru í gildi er barn sem náð hefur 16 ára aldri ábyrgt fyrir meðferð sinni og ræður sjálft hvort það samþykkir meðferð og stjórnar hvaða upplýsingar um heilsufar sitt heilbrigðisstarfsmanni er leyfilegt að veita forráðamönnum sínum. Læknaráði Landspítala þætti eðlilegra að upplýsingaskylda og þagnarskylda heilbrigðisstarfsmanns miðist við 18 ára aldur, þegar barnið verður lögráða.

14. grein – Undanþága frá starfsskyldu

Ákvæðið er byggt á ákvæði 8.gr. læknalaga þar sem fram kemur að heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðileg viðhorf hans. Endinum á málsgreininni hefur þó verið breytt þar sem „*séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni*“ er tekið burtu og í stað þess kemur seinni hluti málsgreinarinnar „*enda sé tryggt að sjúklingur fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu*.“ Hér er um misskilning að ræða þar sem 8.gr læknalaga vísar til starfa sem ekki er læknisfræðileg þörf á að framkvæma og telur lækna ráð Landspítala mikilvægt að setningin standi óbreytt eins og hún er í læknalögum. Lög um réttindi sjúklinga (nr 74/1997) kveða skýrt á um réttindi sjúklinga til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu óháð kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti og óþarfi að það komi sérstaklega fram í þessari grein. Mælumst við einnig til að nýrri málsgrein verði bætt við þar sem kemur fram „*Heilbrigðisstarfsmanni er heimilt að skorast undan störfum sem sjúklingur óskar eftir af trúarlegum eða siðferðislegum ástæðum þegar ekki er læknisfræðileg ábending fyrir meðferðinni/aðgerðinni/starfinu.*”

16. grein – Aðstoðarmenn og nemar

Lækna ráð Landspítala telur mikilvægt að hér komi fram hver beri ábyrgð á störfum aðstoðarmanna og nema sem starfa undir stjórn og leiðsögn heilbrigðisstarfsmanns. Hér mælum við með að bætt verði við 1. mgr. „*Heilbrigðisstarfsmaður með starfsleyfi ber ábyrgð á störfum aðstoðarmanna og nema sem starfa undir hans stjórn.*“

20. grein – Lyfjaávisanir og lyfjakaup

Lækna ráð Landspítala telur mikilvægt að í þessari grein komi skýrt fram og bætist við greinina að „*Einungis þeir sem hafa lækningaleyfi mega ávísar lyfjum*“.

28. grein – Refsingar

Lækna ráð Landspítala telur refsíákvæði um of óskilgreint. Ljóst er að brot á hinum ýmsu lagagreinum í frumvarpi þessu vega misþungt og óeðlilegt að hafa refsiramma sem inniheldur refsingu með fangelsi allt að þremur árum við flestar greinarnar. Við óskum eftir að nánar sé skilgreint í greininni þau brot á hvaða greinum sem álitin eru það alvarleg að refsiramminn innihaldi fangelsisdóm allt að þremur árum, sbr t.d. lög um lögmenn, lög um kauphallir og lög um ársreikninga.

Lokaorð:

Það er afstaða lækna ráðs Landspítala að læknalög nr. 53/1988 hafi í öllum aðalatriðum reynst vel og réttinda og hagsmuna sjúklinga sé betur gætt með þeim heldur en með hinu nýja frumvarpi. Lækna ráð leggst hins vegar ekki gegn því að einhvers konar rammalöggjöf verði sett sem taki til ýmissa annarra löggiltra heilbrigðisstétta en lækna.

Virðingafyllt

Anna Gunnarsdóttir, læknir
formaður lækna ráðs Landspítala

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA